

07.08.2024

23450

Dreifing

Fundargestir

Höfundur

HBB

Yfirfarið/Samþykkt

SGT

Tilfni

Uppbygging gróðurhúsa og borun eftir jarðsjó við Patterson-svæðið

Viðbrögð við umsögn Isavia um matsskyldufyrirspurn um ljósmengun

1 Fundargerð

Fjarfundur var haldinn þann 7. ágúst 2024.

Eftirfarandi aðilar mættu á fundinn:

- Sveinn Valdimarsson, skipulagsfulltrúi öryggis- og varnarsvæða
- Wouter Staats hjá Orance BV
- Christiaan Leenders hjá Algae Capital
- Björn Edvardsson hjá Isavia
- Gunnar Kristinn Ottósson, skipulagsfulltrúi hjá Reykjanesbæ
- Stefán Gunnar Thors og Halldóra Björk Bergþórsdóttir hjá VSÓ Ráðgjöf

Umsögn Isavia

Farið var yfir umsögn Isavia um matsskyldufyrirspurn Algae Capital. Í umsögn Isavia kemur fram að talið er að helstu áhrif af fyrirhugaðri uppbyggingu á starfsemi flugvallarins gætu verið ljósmengun. Í því samhengi er m.a. vísað til kvartana og tilkynninga frá flugmönnum sl. vetur sem bárust Isavia vegna aukins ljósmagns frá verksmiðju Algalif á Ásbrú, vegna aukinnar framleiðslu (nýrri framleiðslu startað) samhliða aukins sýnileika þar sem var dimmt úti. Ljosið er mjög bjart og er nærri flugleið / lokastefnu loftfara. Isavia vill tryggja öryggi flugvallarins og því var lögð áhersla mögulega ljósmengun frá nýjum gróðurhúsum á Patterson.

Viðbrögð Algae Capital

Í kjölfar umsagnar Isavia hefur Algae Capital reiknað út mögulega ljósmengun, tímasett notkun myrkratjalda og lagt fram raundæmi um virkni slíkra tjalda. Christiaan Leenders fór yfir eiginleika myrkratjaldanna og þá 25 ára reynslu sem hefur skapast af notkun á myrkratjöldunum í gróðurhúsum í Hollandi. Niðurstaða útreikninganna er að í gróðurhúsinu á Patterson mun lokast á allt að 98% birtu frá gróðurhúsinu þegar tjöldin eru notuð. Jafnframt var vísað til kynningarferðar fulltrúa Reykjanesbæjar og Kadeco til að skoða virkni slíkra tjalda.

Niðurstaða

Fundargestir telja að umræddir útreikningar og dæmi séu nægjanlegir til að sýna fram á að ekki þurfi að hafa áhyggjur af ljósmengun af starfsemi Algae Capital. Á það bæði við um öryggi flugvallarins og áhrif á íbúa í Reykjanesbæ.

Til að tryggja að áhrif ljósa frá gróðurhúsa séu í samræmi við útreikninga var samþykkt að fylgja eftirfarandi verklagi:

1. Gróðurhúsið er byggt upp í áföngum og þannig skapast reynsla af virkni myrkrartjalda. Fulltrúar Isavia, Reykjanesbæjar, Landhelgisgæslunnar og Algae Capital munu fara yfir reynslu af fyrsta áfanga, áður en hafist er handa við áfanga 2.
2. Isavia, Reykjanesbær og Landhelgisgæslan hafa samband við Algae Captial ef þörf er á frekara samtali um framkvæmdir og mótvægisáðgerðir.